

# Stofnanasamningur

## Milli SFR – stéttarfélags í almannajónustu og Samtaka áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann SÁÁ.

Skv. 11. kafla í kjarasamningi félagsins við SFH dags 9. sept. 2005

### 1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna SFR sem eru í vinnu hjá SÁÁ.

### 2. Starfaflokkar.

Launakerfi stofnunarinnar byggir á eftirfarandi störfum félagsmanna SÁÁ.

#### 2.1. Grunnröðun.

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starf:

Ráðgjafi í þjálfun	01
Matráðsmaður	01
Næturvörður	01
Aðstoðarmaður í félagsstarfi	01
Umsjónarmaður fasteigna	05
Ráðgjafi eftir 1 ár í starfi	05
Læknaritari	05
Ráðgjafi eftir 2 ár í starfi	07
Ráðgjafi eftir 5 ár í starfi	11
Matreiðslumaður	12
Yfirmatreiðslumaður	15
Ráðgjafi með sérverkefni	17
Launafulltrúi	20
Dagskrárstjóri	22

### 3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka.

#### 3.1. Starfsmenn.

Starfsmenn aðrir en ráðgjafar/dagskrárstjórar fá einn launaflokk í hækkun eftir vörpun frá og með 1. maí 2006.

#### 3.2. Starfsreynsla

Starfmaður sem grunnraðaður er neðar en í launaflokk 11, aðrir en ráðgjafar, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnunni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá stofnunni að 2/3 hluta eða að öllu leyti. *Starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk. Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.*

#### 3.3. Menntun.

*Starfsmaður sem lokið hefur stúdentspróf er grunnraðað 1 launflokki hærra en ella.*

#### 3.4. Menntun ráðgjafa/dagskrárstjóra

Ráðgjafar/dagskrárstjórar sem þreytt hafa CAC, MAC próf NAADAC samtakanna og hafa staðist þau skv. staðfestingu frá NAADAC skulu fá 3ja flokka hækkun.

*Frá og með 1. maí 2006 fæst einn launaflokkur af þessum þremur, aðrar hækkanir samkvæmt þessari málsgrein taka gildi 1. maí 2007.*

Ráðgjafar/dagskrárstjórar sem þreytt hafa próf í Skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsmenn og staðist þau fá einn launaflokk í hækkun fyrir hvert próf.

*Frá og með 1. maí 2006 fæst eitt próf metið en aðrar hækkanir samkvæmt þessari málsgrein taka gildi 1. maí 2007.*

*Ekki er hægt að hækka samkvæmt lið 3.4. um meira en 4 launaflokka í heild. Vilji er fyrir því að endurskoða þetta ákvæð þegar próf úr Skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsmenn hafa verið þróuð frekar. Þó ekki seinna en við gerð næsta kjarasamnings.*

*Ráðgjafi raðist aldrei hærra en í launaflokk 21.*

### **3.5. Starfsnám / símenntun.**

Starfsmaður, aðrir en ráðgjafar og dagskrárstjórar, sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalend er náð:

Í launaflokkum undir 11

*Starfsmaður skal þegar 60 kennslustund er náð hækka um 1 launaflokk.*

*Starfsmaður skal þegar 120 kennslustund er náð hækka um 2 launaflokk.*

*Starfsmaður skal þegar 200 kennslustund. er náð hækka um 3 launaflokka.*

Starfsmenntun /námskeið sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár skal metin á sama hátt.

### **3.6. Annað.**

Heimilt er hækka starfsmann um launaflokka ef hann/ starfið uppfyllir einhverjar neðangreinar forsendur:

*-starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.*

*-starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.*

*-starfsmaður sýnir hæfni og frumkvæði til samskipta og samvinnu.*

Samstarfsnefnd getur farið fram á skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

## **4. Um kjör ráðgjafa og dagskrárstjóra**

**4.1. Aðlögunartími/þjálfun.** Á aðlögunar/þjálfunartíma sem stendur yfir í 24 mánuði, starfar starfsmaður ákveðinn lágmarkstíma á hverjum meðferðarstað SÁÁ sem hér segir:

*Sjúkrahúsið Vogur 6 mánuðir*

*Meðferðarheimili Vík 3 mánuðir*

*Meðferðarheimilið Staðarfelli 3 mánuðir*

*Göngudeildum 4 mánuðir*

**4.2. Skráning vinnutíma.** Allir þeir sem fá greitt eftir samningi þessum skrá vinnutíma sinn með stimpilklukku eða skila nákvæmri vinnuskýrslu þar sem stimpilklukku nýtur ekki við. Eru þessar upplýsingar notaðar til grundvallar launaútreikninga. Vinnuskýrsla skal undirrituð af viðkomandi yfirmanni/deildarstjóra.

**4.3. Ferðatími.** Ferðatími tekinn innan dagvinnutíma til og frá vinnu skal vera sem hér segir:

*Vík 2 x 30 mín. á dag*

*Staðarfell 2 x 240 mín fyrir hvert úthald og 1 x 240 mín í ev.*

Ferðatími greiðist ekki í orlofi eða öðrum fjarvistum.

Þeir sem ráðnir voru fyrir 1. mars 2001 skulu hafa sömu reglur og giltu fyrir þann tíma.

**4.4. Akstur.** SÁÁ skal greiða eftirfarandi vegna flutnings til og frá vinnustað:

*Vík: 40 km. fyrir hverja ferð sem einkabifreið er notuð til og frá vinnustað samkvæmt akstursdagbók*

*Staðarfell: 960 km að hámarki fyrir hvert úthald og einkabifreið er notuð og er þá greitt samkvæmt akstursdagbók. Ef einkabifreið er ekki notuð er greitt rútufargjald samkvæmt framlögðum reikningum. Sé farið um Heydal vegna ófærðar eru greiddir 25 km. að auki fyrir hverja ferð.*

**4.5. Vinnufyrirkomulag.** Vinnufyrirkomulag hjá ráðgjöfum og dagskrárstjórum:

*Vogur: Mæting á Vog kl. 09.00, farið frá Vog kl 17.00*

*Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er að hluta á Vog. Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings hverju sinni og er sett upp í samráði við starfsmenn. Þá skal heimilt að grein 2.6.2. í*

*aðalkjarasamningi vaktskrá er sýni væntanlega vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram eigi síðar en 2. vikum áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst.*

Göngudeildir: Mæting kl 09.00 til kl. 17. 00.

Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er í Göngudeildum . Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings hverju sinni og er sett upp í samráði við starfsmenn. Þá skal heimilt að grein 2.6.2. í aðalkjarasamningi vaktskrá er sýni væntanlega vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram eigi síðar en 2. vikum áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst.

Vík: Mæting á Vík kl 09.00 farið frá Vog kl. 08.30. Farið frá Vík kl. 16.00 komið á Vog kl. 16.30. Vinnuskýrsla útfærist þannig: 08.30 – 16.30 þegar um vakt er að ræða þá útfærist vinnuskýrslan þannig: 17.00 til 09.00 og á helgarvakt 08.00– 00.

Vaktavinna verði eins og verið hefur.

Staðarfell.: Mæting á vinnustað kl. 09.00 – 17.00.

Vinnuskýrsla útfærist þannig: 09.00 – 17.00 þegar um vakt er að ræða þá útfærist vinnuskýrslan þannig: 17.00 til 09.00 og á helgarvakt 08.00– 00.

Vaktavinna verði eins og verið hefur.

Úthald í samningi þessum telst vera 3 samfelldar vinnuvikur og 1 frívika.

**4.6.Vaktarálag.** Starfsmenn sem skila vinnuskyldu sinni eftir kl: 17.00 á virkum dögum , laugardögum og sunnudögum og sérstökum frídögum , skulu fá 55% vaktarálag á stórhátíðardögum skal greiða 90% vaktarálag.

**4.7.Auglýsing starfa.** Lausar stöður dagskrárstjóra skulu auglýstar innan deilda SÁÁ þegar losna með hæfilegum fyrirvara.

**4.8.Flutningur milli deilda.** Allir ráðgjafar eru ráðnir til SÁÁ skv. sérstökum ráðningarsamningum og er heimilt að flytja starfsmenn á milli deilda.

## **5. Gildistími.**

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Fh. SFR.

Fh. SÁÁ.